

Fundur í Framkvæmdanefnd 8. Ágúst 2022

Fundarmenn: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Skúli Ólafsson og Birgir Gunnarsson. Fundargestir: Axel Á Njarðvík, Agnes Sigurðardóttir, Drífa Hjartardóttir og Bjarni Snæbjörn Jónsson.

1. Jarðnæði og loftlagsverkefni ÞK

Axel Á Njarðvík fór yfir áherslur Umhverfisnefndar ÞK varðandi nýtingu á jarðnæði ÞK og möguleikum á loftlagsverkefnum s.s. endurheimt votlendis og skógrækt á jörðum í eigu ÞK. Samþykkt að heimila Umhverfisnefnd að taka saman nauðsynlegar upplýsingar um tækifæri í verkefnum af þessum toga á Kirkjujörðum, fyrsta skrefið er að fara á staðina og skilgreina tækifærin á hverjum stað.

2. Bókun Framkvæmdanefndar varðandi rekstrarmálefni Þjóðkirkjunnar (ÞK)

Framkvæmdanefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að stöðva hallarekstur Þjóðkirkjunnar en viðvarandi halli hefur verið á rekstrinum undanfarin ár. Áætlun ársins í ár gerir ráð fyrir rekstrarhalla í árslok. Hratt gengur á handbært fé og öllum ætti að vera ljóst að þessari þróun verður að snúa við. Mikilvægt er að fylgja eftir ákvörðunum Kirkjupings hvað varðar mannhald innan ÞK ásamt því að skoða allar leiðir til hagræðingar í rekstri. Rekstrarstofa ber ábyrgð á fjárhag ÞK. Þar af leiðandi þurfa allar fjárhagslegar skuldbindingar s.s. mannaáðningar og allar breytingar í mannhaldi að hljóta samþykki og undirritun Rekstrarstofu enda séu þær í samræmi við samþykta fjárhagsáætlun. Vinna við fjárhagsáætlun ársins 2023 fer í gang í lok sumars og mikilvægt er að hún verði lögð fram með rekstrarafgangi.

3. Húsnæðismál Þjónustumiðstöðvar ÞK

BG fór yfir stöðu mála þ.e. að Framkvæmdasýsla ríkisins er tilbúin til að leigja K4 af ÞK. Einnig var kynnt tillaga að næstu skrefum í húsnæðismálum þ.e. að Biskupsstofa flytji í Grensáskirkju og fundið verði annað húsnæði fyrir Rekstrarstofu. Stofurnar yrðu því aðskildar tímabundið meðan unnið verði að framtíðarlausn á húsnæðismálum Þjónustumiðstöðvar af hálfu Kirkjupings.

4. Áætlanagerð

Farið yfir tímalínu og verklag við fjárhagsáætlanagerð.

5. Hitaveita Reykholti

Kynnt var erindi frá Reykholtssorku um möguleg kaup á hitaveitu Reykholtis. Samþykkt að taka upp viðræður við þá um málið.

Fundi slitið kl. 11.30